

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis-/heimildar-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Strandabyggð.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis/heimildar, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfis-/heimildargjöld.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fókheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr., sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

2.1	Íbúðarhúsnæði:	Kr.
	Einbýlishús	228.938
	Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð, pr. íbúð	192.792
	Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum, pr. íbúð	164.180
	Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri, pr. íbúð	139.157
	Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri, pr. íbúð	117.913
2.2	Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:	
	Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur allt að 500 m ²	228.938
	Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur stærri en 500 m ²	309.067
2.3	Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:	
	Frístundahús stærri en 50 m ²	228.938
	Frístundahús 25-50 m ²	114.469
	Frístundahús 15-25 m ²	57.234
	Smáhýsi frá 1-15 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	17.213
	Sólstofur, bílageymslur, geymslur og viðbyggingar að 20 m ²	57.234
	Sólstofur, bílageymslur, geymslur og viðbyggingar að 20-100 m ²	114.469
	Viðbyggingar stærri en 100 m ² bera sömu gjöld og nýbyggingar	
	Vélageymslur/korngeymslur allt að 300 m ²	129.205
	Fjárhús, fjós og hesthús eða sambærileg hús allt að 300 m ² ,	

ef stærra en 300 m ² , gildir það sama og atvinnuhúsnæði	129.205
Gróðurhús allt að 300 m ² (ef stærra en 300 m ² , gildir það sama og atvinnuhúsnæði)	129.205
Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði Strandabyggðar fullbúin og sett á undirstöður	114.469

3. gr.

Þjónustugjöld.

Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- eða byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir:

3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- eða byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir:

	Kr.
3.1.1 Afgreiðslugjald	29.894
3.1.2 Endurskoðun aðaluppdráttar	19.710
3.1.3 Breytt notkun á mannvirkjum að 60 m ²	77.460
3.1.3 Breytt notkun á mannvirkjum yfir 60 m ²	77.460
3.1.4 Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	50.779
3.1.5 Úttekt vegna meistaraskipta eða byggingarstjóraskipta	50.779
3.1.6 Úttekt vegna rekstrarleyfis	50.779
3.1.7 Húsaleiguúttektir á íbúðar- eða atvinnuhúsnæði	50.779
3.1.8 Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga 1-5 fastanúmer í húsi	50.779
3.1.9 Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fastanúmer > 5	6.539
3.1.10 Tímabundin stöðuleyfi	30.984
3.1.11 Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar, óendurkræft	39.762
3.1.12 Breyting og gerð á nýjum lóðarsamningi	56.459
3.1.13 Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	30.984
3.1.14 Aukaúttekt	17.902
3.1.15 Aukamæling á útsetningu húss	87.788
3.1.16 GPS-mæling/lóðauppdráttur (4-6 punktar)	77.460
3.1.17 Stofnun lóðar	50.779
3.1.18 Niðurrif mannvirkja	15.664

Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum fer eftir gjaldskrá skrifstofu Strandabyggðar. Þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga bætist við innheimtu ef um slíkt er að ræða.

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

- 4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir: Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.
- 4.2 Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjalddöku ef skipulagsvinna á vegum er yfirstandandi eða fyrirhuguðu á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.
- 4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa sem er 18.061 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Kostnaður vegna skipulagsvinnu:

4.4	Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:	Kr.
	Afgreiðslugjald, greitt við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi eða skipulagsbreytingu	29.894
	Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst.	18.061
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	464.761
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	310.938
4.5	Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:	
	Afgreiðslugjald	29.894
	Nýtt deiliskipulag, sbr. 38. gr. skipulagslaga, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst.	18.061
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	206.561
4.6	Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:	
	Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst.	18.061
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	206.561
4.7	Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:	
	Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald pr. klst.	18.061
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	68.840
4.8	Kostnaður vegna grenndarkynningar:	
	Grenndarkynning	68.840
	Grenndarkynning, minniháttar	30.124
	Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.	

- 4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
- 4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.
- 4.11 Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.
- 4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.
- 4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:
- | | |
|---|---------|
| Afgreiðslugjald | 28.894 |
| Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald | 124.560 |
| Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald | 55.533 |
| Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi | 18.061 |
| Umsýsla og yfirferð gagna | 21.811 |
| Afgreiðslugjald vegna sérhvernar úttektar | 29.894 |
| Áfangaúttekt | 56.243 |

5. gr.

Gjalddagi, lögveð.

- 5.1 Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn sé dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í október 2025 sem er 125,8 stig, grunnur 2022 og breytist 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 9. desember 2025 er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur

brott gjaldskrá nr. 1184/2024 fyrir byggingarleyfis-/heimildar-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Strandabyggð.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 9. desember 2025.

Strandabyggð, 17. desember 2025.

Þorgeir Pálsson oddviti.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026